

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. mars 2023

Mál nr. E-2450/2022:

**Brynjólfur Anton Sandholt**

(Sigríður Harradóttir lögmaður)

gegn

**Vátryggingafélagi Íslands hf.**

(Heiðar Örn Stefánsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar 2023, var höfðað 29. apríl 2022 af hálfu Brynjólfs Antons Sandholt, [...], [...], á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, til endurgreiðslu á greiddri endurkröfu.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.234.363 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi, 31. maí 2022, til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess einnig að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og gerir enn fremur kröfu um málskostnað úr hendi hans að mati dómsins.

## Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Mál þetta er að rekja til umferðarslyss sem varð 21. október 2020 þegar stefnandi ók bifreiðinni [...] aftan á röð bifreiða sem voru kyrrstæðar í umferðarteppu á Reykjanesbraut skammt sunnan gatnamóta Álftanesvegjar og Reykjanesbrautar, en teppan hafði myndast frá næstu gatnamótum þar fyrir sunnan, á mótum Reykjanesbrautar og Fjarðarhrauns. Stefnandi ók eftir Reykjanesbraut til suðurs og lenti á kyrrstæðu bifreiðunum þegar hann var kominn yfir gatnamótin við Álftanesveg, en hann ók yfir þau fremstur bifreiða í þeirri akstursstefnu á grænu umferðarljósi. Bifreiðin sem stefnandi ók á handan gatnamótanna kastaðist á þá næstu fyrir framan og sú bifreið lenti á þeirri þarnaestu. Stefnandi og ökumaður bifreiðarinnar sem hann ók á voru flutt af slysstað með sjúkrabíl og voru þær bifreiðar sem þau óku fluttar af vettvangi með kranabifreið, en tvær fremstu bifreiðarnar sem ákomur voru á voru ökufærar eftir áreksturinn.

Í skýrslu lögreglu um umferðarslysið kemur fram að tilkynnt hafi verið um það miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 16.23 og að veður hafi verið þurr og bjart og mikil umferð. Lögregla skráði frásögn ökumanna allra fjögurra bifreiðanna sem í árekstrinum lentu og að auki frásögn þriggja vitna sem rætt var við á vettvangi.

Haft er eftir stefnanda á vettvangi að hann hafi skyndilega séð kyrrstæða bifreið fyrir framan sig og hafi árangurslaust reynt að hemla. Hann hafi viðurkennt að hafa ekki verið með hugann við aksturinn en ekki farið nánar út í það, hann hafi talið að hann hefði verið á um 50 km/klst. hraða er óhappið varð. Framburður ökumanns bifreiðarinnar sem stefnandi lenti á var að hún hefði fundið fyrir miklu höggi þegar bifreiðin [...] lenti aftan á hennar bifreið. Ökumaður næstu bifreiðar á undan kvaðst hafa séð bifreiðina [...] koma á miklum hraða, síðan hafa heyrt háværan hvell og fundið þegar klesst var aftan á hans bifreið. Ökumaður fjórðu bifreiðarinnar kvaðst ekki vita hvernig slysið atvikaðist, hún hafi heyrt dynk og fundið þegar bifreiðin fyrir aftan klessti á hennar bifreið. Lögregla hafði tal af tveimur vitnum á vettvangi sem ekki er getið um hvar voru staðsett þegar áreksturinn varð. Annað þeirra kvaðst hafa séð bifreiðina [...] koma akandi yfir gatnamótin á frekar miklum hraða og aka aftan á bifreið sem var kyrrstæð í röð á næstu gatnamótum. Hitt vitnið, A kvaðst hafa séð sömu bifreið koma akandi yfir gatnamótin á miklum hraða miðað við aðstæður og aka aftan á kyrrstæða bifreið. Þá skráði lögregla framburður ökumanns bifreiðar sem var á aðrein frá Álftanesvegi að Reykjanesbraut þegar slysið varð. Það vitni, B, kvaðst hafa séð bifreiðinni [...] vera ekið á miklum hraða yfir gatnamótin og aftan á kyrrstæða bifreið, sem farið hafi aftan á aðra bifreið. Þessu til viðbótar er skráð um framburður þessa vitnis í skýrslu lögreglu: „B sagðist hafa séð ökumann bifreiðarinnar [...] vera að skrifa á farsímann sinn og ekki með augun á veginum.“

Bifreiðin sem stefnandi ók var í eigu vinnuveitanda hans og var hún á slysdegi tryggð bæði lögboðinni ábyrgðartryggingu og kaskótryggingu hjá stefnda. Stefndi greiddi bætur fyrir tjón af völdum árekstursins á grundvelli ábyrgðartryggingar [...]. Stefnanda barst frá stefnda ábyrgðarbréf, dags. 4. ágúst 2021, þar sem honum var tilkynnt að stefndi hefði sent beiðni til endurkröfunefndar um heimild til endurkröfu á stefnanda vegna umferðartjóns þann 21. október 2020. Endurkröfunni var mótmælt með bréfi þáverandi lögmanns stefnanda til nefndarinnar, dags. 26. ágúst 2021. Endurkröfunefnd ákvað að endurkröfu skyldi beitt og að fjárhæð endurkröfu væri 3.890.886 krónur, sem stefndi krafði stefnanda um með kröfu í heimabanka. Í forsendum og niðurstöðu endurkröfunefndar segir að tjóni þessu þyki hafa verið valdið af stórkostlegu gáleysi í skilningi umferðarlaga og er þar sérstaklega vísað til ákvæða umferðarlaga um að óheimilt sé að nota farsíma eða snjallsíma við akstur og um skyldu til að aka hægt miðað við aðstæður við gatnamót.

Lögmaður sem stefnandi hafði þá leitað til óskaði bréflega eftir endurupptöku málsins 29. september 2021 og krafðist þess aðallega að beitingu endurkröfuréttar yrði hafnað þar sem um óhappatilvik hefði verið að ræða og í mesta lagi einfalt gáleysi stefnanda, en ekki stórfellt gáleysi. Yrði ekki á það fallist var krafist lækkunar á kröfunni. Féllst endurkröfunefnd á endurupptöku málsins á fundi sínum 10. nóvember s.á. og tók

samdægurs þá ákvörðun að fallast ekki á að tjónsatvik þetta feli ekki í sér stórkostlegt gáleysi í skilningi umferðarlaga, enda hafi tjónvaldur verið að rita textaskilaboð á síma sinn undir stýri að sögn vitnis í lögregluskýrslu. Var endurkrafa þannig á ný heimiluð, en fallist var á lækkun á fjárhæð í 2.500.000 krónur. Stefndi krafði stefnanda þann 11. nóvember 2021 um endurgreiðslu á þeirri fjárhæð á grundvelli ábyrgðartryggingar og krafði hann jafnframt um fulla endurgreiðslu bóta sem greiddar höfðu verið úr kaskótryggingu bifreiðar vinnuveitandans, að fjárhæð 734.363 krónur.

Með tölvupósti lögmanns stefnanda til starfsmanns stefnda, dags. 7. desember 2021, var upplýst um að stefnandi myndi ekki una afstöðu endurkröfunefndar og beitingu endurkröfu á hendur stefnanda. Teldi stefnandi að háttsemi hans hefði ekki falið í sér stórkostlegt gáleysi og að endurkröfunefnd hafi skort lagalega heimild til þess að komast að þeirri niðurstöðu að endurkröfu skyldi beita. Þess var jafnframt óskað að innheimta yrði stöðvuð meðan leyst yrði úr málinu fyrir dómi, en þeirri beiðni var synjað af hálfu stefnda og tilkynnt að innheimtumálið héldi áfram. Stefnandi greiddi því kröfuna, samtals 3.234.363 krónur, þann 27. janúar 2022 og sama dag sendi lögmaður hans til stefnda tilkynningu um að krafan væri greidd með fyrirvara um lögmati hennar og að stefnandi áskildi sér rétt til þess að endurkrefja stefnda um greiðslu hennar.

Mál þetta höfðar stefnandi til endurgreiðslu á þeirri fjárhæð sem hann greiddi stefnda að kröfu hans. Snýst ágreiningur aðila málsins einkum um það hvort stefnandi hafi valdið umferðarslysinu af stórkostlegu gáleysi, og þar með um lögmati endurkröfu og innheimtu stefnda hjá honum, og jafnframt um það hvort stefnandi teljist hafa greitt kröfuna án fyrirvara eða ekki.

Við aðalmeðferð málsins gekk dómari á vettvang ásamt lögmönnum aðila og stefnanda og gaf hann í kjölfarið aðilaskýrslu í dómsal. Þá báru þar vitni C, samstarfsmaður stefnanda, og tvö vitni sem lögregla ræddi við á vettvangi slyssins, þau A og B, sem gaf skýrslu sína með aðstoð tólks.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi aldrei öðlast réttmætar væntingar til þess að greiðslan sem innt hafi verið af hendi væri endanleg og að sá fyrirvari sem gerður hafi verið af hálfu stefnanda við greiðslu á kröfu stefnda sé að fullu gildur og ekki of seint fram kominn svo sem stefndi haldi fram. Lögmaður stefnanda hafi sent tölvupóst 7. desember 2021 og tilkynnt starfsmanni stefnda um að stefnandi myndi ekki una afstöðu endurkröfunefndar og hafi stefndi því haft vitneskju um það. Þá hafi stefnandi greitt kröfuna 27. janúar 2022 kl. 11:08 og fyrirvari hafi verið gerður án ástæðulauss dráttar af hálfu lögmanns stefnanda sama dag kl. 15:08.

Lögboðin ábyrgðartrygging bæti það tjón sem valdið sé öðrum með notkun ökutækis, hvort sem það sé á fólki eða hlutum, og kaskótryggingin eigi meðal annars að bæta

tjón á ökutækinu vegna skyndilegra, utanaðkomandi atvika. Um tryggingarnar gildi annars vegar skilmálar BA10 um lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækis og hins vegar BK10 um kaskóökutækjatrýggingu ásamt sameiginlegum skilmálum nr. YY10. Óumdeilt sé að umferðarslysið sem stefnandi olli falli undir bótasvið váttryggingaskilmála stefnda.

Krafa stefnanda um endurgreiðslu byggist á því að ákvörðun endurkröfunefndar, þ.e. að stefnandi hafi í umrætt sinn valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi, hafi verið röng. Í ljósi þess að um efnislega ranga ákvörðun hafi verið að ræða beri að fallast á dómkröfu stefnanda. Um óhapp hafi verið að ræða en ekki stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 19. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og því hafi endurkröfunefnd skort lagalega heimild til að fallast á endurkröfur í málinu. Sönnunarbyrðin um að slysinu hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi hvíli á stefnda.

Þá hafi stefnda einnig verið óheimilt að endurkrefja stefnanda um greiðslu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar [...], enda séu skilyrði 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 ekki uppfyllt. Stefndi hafi aldrei upplýst stefnanda formlega um það á hvaða grundvelli endurkrafan vegna kaskótryggingarinnar væri til komin, sem verði að teljast ámælisvert. Háttsemi stefnanda geti ekki talist til stórkostlegs gáleysis í skilningi 27. gr. laga nr. 30/2004, en sönnunarbyrðin um slíkt hvíli á stefnda.

Slysi þurfi að vera valdið af stórkostlegu gáleysi til þess að endurkröfu sé beitt, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar. Með stórkostlegu gáleysi sé átt við það að háttsemi feli í sér verulegt og ámælisvert frávik frá því sem ætlast megi til af gegnum og skynsömum manni í sömu aðstöðu og eigi þetta sér stoð í íslenskri dómaframkvæmd. Stórkostlegt gáleysi sé jafnframt hæsta stig gáleysis. Sönnunarbyrðin um að meintri háttsemi stefnanda verði jafnað við stórkostlegt gáleysi liggja alfarið hjá stefnda. Háttsemi stefnanda í umrætt sinn hafi ekki falið í sér verulegt og ámælisvert frávik frá því sem til mátti ætlast. Stefnandi hafni því að hafa verið í farsíma sínum við aksturinn ásamt því að hafa keyrt yfir leyfilegum hámarkshraða. Þá sé niðurstaða endurkröfunefndar í miklu ósamræmi við túlkun dómstóla á því hvaða háttsemi feli í sér svo verulegt og ámælisvert frávik frá því sem ætla megi að háttsemi teljist vera stórkostlegt gáleysi.

Í lögregluskýrslu sem rituð var um slysið hafi framburður stefnanda verið eftirfarandi:

*„... Brynjólfur viðurkenndi að hafa ekki verið með hugann við aksturinn án þess að vilja fara nánar út í það. Taldi Brynjólfur að hann hefði verið á um 50 km/klst er óhappið varð.“*

Þessu orðalagi í lögregluskýrslu, um að hann hafi ekki viljað fara nánar út í atvikið, sé mótmælt. Hið rétta sé að samtalinu við lögregluþjóninn hafi lokið án þess að hann

hafi verið spurður frekar, en sönnunarbyrðin um að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi hvíli á stefnda.

Stefnandi hafni alfarið framburði vitnisins B í fyrirliggjandi lögregluskýrslu um meinta farsímanotkun hans, þ.e. að hann hafi verið að skrifa á farsíma sinn og brotið gegn 57. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Fyrir liggi að vitnið B hafi verið að aka Álftanesveg til suðurs og inn á aðrein Reykjanesbrautar til suðurs og hafi horft beint framan á bifreiðina úr nokkurri fjarlægð. Því teljist varhugavert að endurkröfunefnd byggi niðurstöðu sína eingöngu á umræddri frásögn vitnisins.

Þegar slysið varð hafi farsími stefnanda verið í svokölluðum sogskálarsímastandi sem sé ofan mælaborðs bifreiðarinnar við miðju. Hann sé í slíkri hæð að auðvelt sé fyrir þá sem horfa á ökumann úr fjarska að halda að ökumaðurinn haldi á síma, en svo hafi ekki verið. Vinnufélagi stefnanda staðfesti með yfirlýsingu, dags. 28. september 2021, að stefnandi noti ávallt handfrjálstan búnað í eyranu sem tengdur sé þráðlaust og að hann sé að auki með sogskálarsímastand í vinnubifreið sinni fyrir farsíma. Þegar slysið varð hafi sogklukkan losnað af framrúðu bifreiðarinnar og skotist á gólf hennar og farsíminn fylgt þar með. Lögreglu hefði verið í lófa lagið að rannsaka framangreint á vettvangi slyssins hefði grunur verið uppi um að slysinu hefði verið valdið vegna farsímanotkunar stefnanda, en slíkt hafi ekki verið gert.

Með öllu sé ósannað að stefnandi hafi ekið bifreiðinni of hratt yfir gatnamótin eða yfir leyfilegum hámarkshraða. Engin rannsókn hafi farið fram á hugsanlegum hraða bifreiðarinnar. Sönnunarbyrðin fyrir því að stefnandi hafi í raun ekið of hratt og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi hvíli alfarið á stefnda og engin gögn liggi fyrir sem styðji þá fullyrðingu stefnda. Þau vitni sem rætt hafi verið við á vettvangi teljist engin sönnun fyrir því að bifreiðinni hafi verið ekið of hratt. Gera þurfi ríkar kröfur til þess að stefndi geti borið fyrir sig undantekningarákvæði í tryggingarskilmálum, auk þess sem tilvik verði að vera óumdeilanleg. Stefndi hafi í öllu falli sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða af hálfu stefnanda og að hann hafi ekið of hratt miðað við aðstæður. Samkvæmt lögregluskýrslu á vettvangi kvaðst stefnandi hafa verið á um 50 km/klst. hraða er slysið varð, en hámarkshraði á Reykjanesbrautinni sé þar 60 km/klst.

Engin frekari lögreglurannsókn hafi farið fram varðandi mögulegt brot stefnanda á ákvæðum umferðarlaga. Stefnandi hafi hvorki fengið sekt né hafi sakamál verið höfðað á hendur honum. Ljóst sé að lögregla telji að um óhappatilvik hafi verið að ræða og að háttsemi stefnanda geti ekki talist til alvarlegs fráviks frá því sem honum hafi borið að viðhafa. Orsakir slyssins verði einungis raktar til augnablikshugsunarleysis stefnanda við aksturinn, en huglæg afstaða hans hafi ekki staðið til þess að valda tjóni. Þá sé með öllu ósannað að um frávik sé að ræða frá þeim ökuhraða sem almennt gangi og gerist.

Krafa stefnanda, sem krafist sé að stefnda verði gert að greiða honum, samtals að fjárhæð 3.234.363 krónur, sundurliðist eins og þær kröfur sem stefnanda hafi borist frá stefnda. Það séu tvær kröfur um 1.250.000 krónur vegna uppgjörðs tjóns hjá stefnda úr tryggingu [...], munatjón, dags. 11. nóvember 2021, og krafa um 734.363 krónur vegna uppgjörðs tjóns hjá stefnda úr kaskótryggingu [...], dags. 13. september 2021.

Ljóst sé að um óhappatilvik hafi verið að ræða og að skilyrði um stórkostlegt gáleysi séu ekki uppfyllt. Endurkröfunefnd hafi skort lagalega heimild til að fallast á endurkröfu í málinu. Stefnda beri að greiða þann kostnað, sem stefnandi hafi sannarlega verið tryggður fyrir á slysdegi, þ.e. 3.234.363 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, svo sem í dómkröfu greini.

Sönnunarbyrði um að umferðarslysinu hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi hvíli á stefnda og jafnframt um það að sú háttsemi hafi verið meginorsök árekstursins en öll þessi lagaskilyrði séu ósönnuð. Verði fallist á að stefnandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sé þess krafist að fjárhæð endurkröfu verði lækkuð enn frekar eða felld niður.

Um lagarök sé vísað til ákvæða umferðarlaga nr. 77/2019 og laga nr. 30/2019 um ökutækjatriyggingar. Þá vísist jafnframt til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, váttryggingarskírteina bifreiðarinnar [...] og meginreglna kröfuréttar. Krafa um dráttarvexti styðjist við III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 5. og 6. gr. laganna, og miðist upphafsdagur dráttarvaxta við þingfestingu málsins. Krafa um málskostnað styðjist við 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### **Málsástæður og lagarök stefnda**

Grundvelli endurkröfu sinnar, að fjárhæð 2.500.000 krónur, kveður stefndi vera lýst í endanlegri ákvörðun endurkröfunefndar. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatriyggingar eigi váttryggingafélag sem greitt hafi bætur samkvæmt 8. gr. laganna úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hafi tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Grundvöllur endurkröfu stefnda að fjárhæð 734.363 krónur séu ákvæði skilmála stefnda sem gildi um kaskótryggingu bifreiðarinnar sem stefnandi hafi ekið er hann hafi valdið slysinu. Í skilmálum kaskótryggingar nr. BK10 sé vísað til þess að um váttrygginguna gildi meðal annars sameiginlegir skilmálar stefnda nr. YY10. Í 15. gr. þeirra komi fram að eigi einhver hinna váttryggðu fébótakröfu á hendur þriðja manni vegna bótaskylds tjóns öðlist félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hafi greitt bætur. Samkvæmt skilmálum kaskótryggingar sé eigandi ökutækisins váttryggður, sbr. gr. 2.1. Vinnuveitandi stefnanda hafi verið eigandi bifreiðarinnar sem hann hafi ekið þegar áreksturinn hafi orðið. Stefndi hafi öðlast þann rétt sem vinnuveitandinn hafi átt á hendur stefnanda þegar stefndi hafi greitt honum bætur úr kaskótryggingunni samkvæmt 15. gr. skilmálanna, sem séu í samræmi við 1. mgr. 22. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þar segi

að stofnist skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem skaðatrygging taki til öðlist vátryggingafélagið rétt tjónþola á hendur hinum skaðabótaskylda að svo miklu leyti sem það hafi greitt bætur.

Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga stofnist skaðabótaréttur ekki á hendur starfsmanni vegna tjóns sem munatrygging, lík kaskótryggingunni, taki til nema starfsmaðurinn hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Því sé ljóst að teljist það sannað að stefnandi hafi valdið slysinu 21. október 2020 með stórfelldu gáleysi verði að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, enda eigi endurkröfur stefnda þá fullan rétt á sér.

Stefnandi hafi valdið slysinu með háttsemi sem teljist stórfellt gáleysi. Sá hraði sem stefnandi hafi ekið á við þær aðstæður sem uppi hafi verið, notkun farsíma og/eða skortur á að athygli hafi verið höfð á veginum við aksturinn séu allt atriði sem saman og jafnvel hvert fyrir sig valdi því að háttsemi stefnanda verði talin stórfellt gáleysi.

Óumdeilt sé að stefnandi hafi ekki haft hugann við aksturinn er slysið varð. Það eitt og sér sé brot á 4. og 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, enda hafi slysið orðið við gatnamót þar sem sérstök þörf hafi verið á að aðgát væri sýnd og full athygli höfð á akstrinum. Þá sé óumdeilt að stefnandi hafi ekið á að lágmarki 50 km/klst. hraða á gatnamótum er slysið varð. Hámarkshraði við bestu aðstæður á vegi þar sé 60 km/klst. Slysið hafi orðið við fjölfarin gatnamót á annatíma undir lok vinnudags á virkum degi og á svæði þar sem iðulega myndist umferðarteppa vegna stórra gatnamóta sem framundan séu. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga beri ökumanni að miða ökuhraða við aðstæður og með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Þá hvíli sérstök skylda á ökumanni samkvæmt a- og c-liðum 2. mgr. 36. gr. laganna til að aka nægilega hægt í þéttbýli og við vegamót.

Umfram það sem óumdeilt sé teljist sannað að stefnandi hafi verið að nota snjallsíma er slysið varð, í andstöðu við 57. gr. umferðarlaga, og að hann hafi ekið umfram hámarkshraða í andstöðu við 37. gr. laganna. Slysatiðni hafi aukist gríðarlega við notkun snjallsíma og þá ekki síst þegar slík tæki séu notuð til að skrifa á þau eða sem annað en sími, enda krefjist það allrar athygli notandans. Telja verði að akstur stefnanda hafi verið sérlega háskalegur og líklegur til þess að valda tjóni og ekki þurfi til allra framangreindra atriða að koma til þess að svo teljist vera. Stefnandi hafi því valdið tjóninu með stórfelldu gáleysi.

Fyrirliggjandi lögregluskýrsla, viðurkenning stefnanda, skýrslur sem lögregla hafi tekið af vitnum á vettvangi og ljósmyndir teknar þar sanni að stefnandi hafi ekið umfram leyfilegan hámarkshraða og hafi verið að skrifa á snjallsíma þegar slysið varð. Þessi atriði leiði í öllu falli það miklar líkur að þeirri niðurstöðu að það teljist samkvæmt almennum sönnunarreglum einkamálaréttarfars vera stefnanda að sanna að hann hafi ekki ekið of hratt og hafi ekki verið að nota snjallsíma sinn þegar slysið varð.

Vitnisburður sem tekinn er strax í kjölfar atburðar að viðstaddri lögreglu teljist almennt afar sterkt sönnunargagn í málum sem þessum. Ekkert hafi komið fram sem kasti rýrð á það sem fram komi í skýrslum vitna. Því sé mótmælt að ökumaður, sem staddur hafi verið á aðrein að Reykjanesbraut frá Álftanesvegi, hafi verið staddur langt frá eða hafi ekki haft gott útsýni. Hann hafi þvert á móti verið í afar góðri aðstöðu til að greina stefnanda og það sem hann hafi aðhafst. Vitni séu einróma um að stefnandi hafi ekið á miklum hraða, auk þess sem ljósmyndir sem teknar hafi verið á vettvangi beri þess merki. Hafi stefnandi frá öndverðu talið að vitni hafi farið með rangt mál hafi honum verið í lófa lagið að óska eftir frekari rannsókn eða afla sér sjálfur gagna sem hnekkt geti þessum framburði. Í svipuðum málum hafi verið dómkvaddir matsmenn til að meta hraða út frá ljósmyndum af ákomu á ökutæki og snjallsímar geymi ýmsar og oft nákvæmar upplýsingar um notkun þeirra. Sérstaka athygli veki að stefnandi hafi ekki við skýrslugjöf til lögreglu viljað fara nánar út í það við hvað hann hafi átt þegar hann hafi ekki sagst hafa haft hugann við aksturinn í umrætt sinn. Ekki dragi það úr því hvernig þessi ummæli líti út þegar stefnandi mótmæli því ekki í greinargerð til endurkröfunefndar að hafa verið að nota snjallsíma er slysið varð. Mótbárur stefnanda þess efnis að lögregla hafi rangt eftir honum og að fyrri lögmaður hans hafi ekki í bréfi sínu komið þessari grundvallarmálsástæðu á framfæri séu ósannaðar.

Ekki fáist séð hverju það breyti þó að það teldist sannað að stefnandi geymi almennt farsíma sinn í sérstöku statífi sem sé fest með sogskál við framrúðu bifreiðarinnar og noti almennt handfrjálсан búnað. Vitni hafi séð stefnanda vera að skrifa á farsíma sinn og við slíka notkun skipti statíf og handfrjálсан búnaður engu. Sé það ætlun stefnanda að bera því við að túlka eigi lokaorð 1. mgr. 57. gr. umferðarlaga þannig að tilvist handfrjálсан búnaðar heimili ökumanni að skrifa á snjallsíma við akstur sé því harðlega mótmælt og bent á að 1. mgr. 4. gr. laganna tæki í öllu falli til slíkrar háttsemi. Fullyrðingar stefnanda um notkun framangreinds búnaðar séu ósannaðar.

Með fyrirvaralausri greiðslu hafi stefnandi samþykkt greiðsluskyldu vegna endurkrafna stefnda, þá hafi viðurkenning legið fyrir og engu skipti þó að fyrirvari hafi verið gerður síðar. Þó að stefnandi hafi áður verið búinn að lýsa því yfir að hann hygðist höfða mál til að fá niðurstöðu endurkröfunefndar hnekkt geti það ekki haft áhrif á fyrirvaralaus greiðslu krafna. Mánuðir hafi liðið frá því að fyrirvari var gerður, og honum mótmælt, þar til stefnandi hafi aðhafst til þess að fá greiðsluna endurgreidda.

Stefndi mótmæli kröfu stefnanda um málskostnað og vísi um kröfu sína um málskostnað til 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um lagarök vísi stefndi jafnframt til meginreglna skaðabótaréttar og almennra reglna einkamálaréttarfars um sönnun og sönnunarbyrði. Þá sé vísað til 19. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjetryggingar, fyrirliggjandi skilmála váttryggingarsamninga, 4., 26., 36., 37. og 57. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 19. og 22. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

## Niðurstaða

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjategyggingar skal greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi. Í 2. mgr. 19. gr. sömu laga segir að hafi váttryggingafélag greitt bætur samkvæmt 8. gr. eigi félagið endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hafi tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka megi endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum. Samkvæmt 20. gr. laganna ákveður nefnd sem ráðherra skipar hvort beita skuli endurkröfurétti vegna stórkostlegs gáleysis eða ásetnings þess sem ábyrgð ber á tjóni sem váttryggingafélag hefur bætt samkvæmt lögnum. Á grundvelli ákvörðunar endurkröfunefndar greiddi stefnandi stefnda 2.500.000 krónur vegna tjóns sem hlaut af umferðarslysini sem stefnandi olli 21. október 2020 og stefndi hafði bætt á grundvelli 8. gr. laganna.

Að auki greiddi stefnandi kröfu stefnda vegna sömu atvika að fjárhæð 734.363 krónur á grundvelli skilmála kaskótryggingar og með stoð í ákvæðum 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, um skaðabótarétt sem stofnist hafi starfsmaður valdið tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, og 1. mgr. 22. gr. sömu laga um að váttryggingafélag öðlist rétt tjónþola á hendur hinum skaðabótaskylda að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur. Í báðum tilvikum var það því forsenda fyrir lögmæti kröfu stefnda á hendur stefnanda að hann hefði valdið umferðarslysini af ásetningi eða í það minnsta af stórkostlegu eða stórfelldu gáleysi.

Ágreiningur málsaðila snýst því einkum um það hvort stefnandi hafi valdið umferðarslysini af stórkostlegu gáleysi og hafi af þeim sökum borið að endurgreiða váttryggjanda bifreiðarinnar sem hann ók þann kostnað sem af því hlaut. Málsatvikum er lýst í sérstökum kafla hér að framan og vísast til þess sem þar kemur fram.

Meðal gagna málsins er lögregluskýrsla sem er eina samtímagagnið sem fyrir liggur um aðstæður á vettvangi og framburð aðila á vettvangi slyssins. Þar kemur meðal annars fram að akstursaðstæður hafi verið góðar, bjart októbersíðdegi og vegur þurr. Framburður aðila á vettvangi er rakinn í kafla um málsatvik hér að framan.

Stefnandi hefur frá fyrstu tíð viðurkennt að hann hafi ekki verið með hugann nægilega við aksturinn og vegna þess aðgæsluleysis hafi hann ekki áttað sig á því að bifreiðarnar handan gatnamótanna væru kyrrstæðar fyrr en of seint. Hann hefur á hinn bóginn staðfastlega neitað því að hann hafi verið að skrifa á eða tala í farsíma við aksturinn. Framburður stefnanda verður talinn trúverðugur og staðfastur.

Framburður stefnanda um farsímanotkun er studdur af framburði samstarfsmanns hans fyrir dómi um þær venjur stefnanda við farsímanotkun við vinnu og akstur að hann hafi ætíð notað handfrjálstan búnað og að farsími hans væri festur í statífi með sogskál, sem hann ætti sjálfur, í framrúðu vinnubifreiðarinnar. Um farsímanotkun var stefnandi

einskis spurður á vettvangi slyss og hvorki lögregla né stefndi hafa gert reka að rannsókn á farsímanotkun hans í aðdraganda slyssins. Við málflutning kom fram að stefnandi hefði, eftir að endurkrafan kom fram, sjálfur reynt að afla upplýsinga um þetta frá síma-fyrirtæki, en þá hafi verið of langt um liðið og öllum gögnum verið eytt. Stefnanda hefur aldrei verið gerð sekt fyrir brot gegn ákvæðum umferðarlaga vegna þessa atviks.

Endurkrafa stefnda mun einkum hafa byggst á þeim framburði vitnisins B sem skráð er í lögregluskýrslu, að hún hafi sagst hafa séð ökumann bifreiðarinnar [...] vera að skrifa á farsímann sinn og ekki með augun á veginum. B kom fyrir dóm og bar vitni við aðalmeðferð málsins með aðstoð tólks. Hún kvaðst hafa séð til bílstjórans gegnum framrúðuna á bifreiðinni sem hann ók og að hann hafi líklega verið í símanum. Nánar aðspurð um þetta atriði og hvernig bílstjórinn hefði haldið á símanum svaraði hún því til að stefnandi hefði haldið utan um stýrið með annarri hendi og haldið á símanum með hinn hendi, þeirri hægri. Hann hefði haldið símanum fyrir framan sig, en ekki upp að eyranu, hann hefði ekki verið að tala í símann heldur annað hvort að skrifa á hann eða horfa á eitthvað. Aðspurð um hvort það geti verið að síminn hafi verið í sogskálarstandi taldi hún símann ekki geta hafa verið í öðru en í hendinni, hún hafi séð hann halda á símanum með hendinni. Þetta hafi allt gerst mjög hratt og hún aðeins séð til bílstjórans skamma stund.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins gengu dómari og lögmenn á vettvang ásamt stefnanda, einkum í þeim tilgangi að skoða á vettvangi afstöðu og fjarlægð milli bifreiða sem lýst er í lögregluskýrslu og á fyrirliggjandi uppdrætti og ljósmyndum af vettvangi. Á vettvangi var staðreynt út frá þeim gögnum frá hvaða sjónarhorni vitnið B hafði séð inn um framrúðu bifreiðarinnar [...] í aðdraganda árekstursins. Viðstaddir lögðu fyrir vettvangsgöngu bifreiðum sínum á nálægu bifreiðastæði og þegar þangað kom að henni lokinni kom í ljós að stefnandi hafði komið á bifreið vinnuveitanda síns, ekki ósvipaðri þeirri sem hann ók þegar slysið varð, en aðeins stærri að sögn stefnanda. Á framrúðu bifreiðarinnar var festur sogskálarstandur með farsíma í og skagaði hann á armi frá framrúðunni í átt að stýrinu. Aðspurður kvað stefnandi þessum útbúnaði vera fyrir komið með sama hætti og hann hefði haft í bifreiðinni [...]. Að beiðni dómara settist stefnandi inn í bifreiðina með báðar hendur á stýri, en dómari og lögmenn beggja aðila horfðu inn um framrúðuna frá fyrrnefndu sjónarhorni fyrir framan bifreiðina hægra megin. Bar farsímann í standinum þá fyrir hægri hönd stefnanda á stýrinu þannig að svo gat virst, frá því sjónarhorni sem B hafði samkvæmt framburði hennar fyrir dómi og því sem lýst er í lögregluskýrslu, sem hann hefði hægri hönd á símanum þó að sú væri ekki raunin þarna, en höndin var í hvarfi við símann. Að þessu virtu, og því að samkvæmt því hversu hratt bifreiðin er sögð hafa nálgast getur hún aðeins hafa verið í augnsýn B í augnablik fyrir áreksturinn, þykja mun meiri líkur en minni til þess að henni hafi þarna missýnst um athafnir stefnanda við aksturinn.

Framburður vitnisins A fyrir dómi um farsímanotkun stefnanda við akstur reyndist, þegar hann var nánar spurður um atvik, vera ágiskanir hans eftir á um líklega orsök slyssins og gat hann ekkert fullyrt um að hann hefði séð stefnanda tala í síma. Í lögregluskýrslu var ekki skráð hvar vitnið var þegar áreksturinn varð, en tekinn var niður framburður hans um ökuhraða. Gat vitnið ekki munað neitt um staðsetningu sína eða sjónarhorn að bifreiðinni [...] eða ökumanni hennar þegar hann gaf skýrslu fyrir dómi, kvað það ráðast af því hvaðan hann hefði verið að koma, en það gæti hann ekki munað tveimur árum síðar. Verður því ekkert byggt á framburði hans varðandi meinta farsímanotkun stefnanda við aksturinn.

Í álitum endurkröfunefndar eftir endurupptöku málsins er í niðurstöðu hennar um stórkostlegt gáleysi stefnanda aðeins vísað til þess að tjónvaldur hafi verið að rita textaskilaboð á síma sinn undir stýri að sögn vitnis í lögregluskýrslu. Dómurinn telur, að því virtu sem að framan er rakið um atvik og aðstæður, tilvitnaðan framburð vitnisins B ekki vera fullnægjandi sönnun um farsímanotkun stefnanda. Ágiskanir vitnisins A fyrir dómi um líklega orsök slyssins hafa enga þýðingu um sönnun að þessu leyti. Þá skiptir engu í þessu sambandi þótt þáverandi lögmaður stefnanda hafi í andmælabréfi til endurkröfunefndar, dags. 26. ágúst 2021, ekki gert sérstakar athugasemdir við það að fram komi í lögregluskýrslu að vitni beri um að stefnandi hafi verið við símanotkun þegar slysið varð. Í bréfinu er áréttað að stefnandi viðurkenni að hafa ekki verið með hugann við aksturinn og harmi það að hafa þannig valdið slysinu.

Í fyrsta álitum endurkröfunefndar var í niðurstöðu hennar um stórkostlegt gáleysi stefnanda auk farsímanotkunar jafnframt vísað til ökuhraða og brots á varúðarskyldu við gatnamót og á því byggir stefndi samhliða í máli þessu að í því felist stórkostlegt gáleysi.

Þegar lagt er mat á gáleysisstig háttsemi stefnanda að því er varðar ökuhraða er til þess að líta að hann ók Reykjanesbraut til suðurs, en á þeim vegi er hámarkshraði lengst af 80 km/klst. en lækkar í 60 km/klst. skömmu áður en komið er að gatnamótum við Álftanesveg. Samkvæmt lögregluskýrslu var veður þurrt og bjart og stefnandi ók fremstur í átt að grænu ljósi á gatnamótunum. Í skýrslu stefnanda fyrir dómi kom fram að hann hefði ekki áttá sig á því að bifreiðarnar handan gatnamótanna væru kyrrstæðar fyrr en allt of seint og þá hafi hann reynt að nauðhemla. Vitnið B tók fram fyrir dómi að hún hefði heyrt það mjög vel að stefnandi reyndi að bremsa áður en áreksturinn varð. Á slysstað skráði lögregla eftir stefnanda að hann teldi sig hafa verið á um 50 km/klst. hraða þegar áreksturinn varð. Fyrir dómi taldi stefnandi ökuhraða sinn áður en hann kom að gatnamótunum líklega hafa verið milli 60 og 70 km/klst. Vitnið A, sem sagt hafði lögreglu að hann hefði séð ökumann bifreiðarinnar [...] koma akandi yfir gatnamótin á miklum hraða miðað við aðstæður, bar fyrir dómi að hann vissi ekki hver hraðinn hefði verið, en umferðin hefði ekki verið mjög hæg í aðdraganda að þessu. Engar athuganir hafa farið fram af hálfu lögreglu eða stefnda til þess að reyna að sannreyna ökuhraðann

út frá ummerkjum á vegi eða ákomum á bifreiðum. Framburður sem lögregla skráði eftir vitnum sem sátu í kyrrstæðum bifreiðum og voru, ólíkt stefnanda, meðvituð um umferðarteppu framundan, var um að stefnandi hefði ekið á miklum hraða, frekar miklum hraða og miklum hraða miðað við aðstæður. Er sá framburður ekki í ósamræmi við framburð stefnanda um ökuhraða hans í aðdraganda slyssins. Verður ekki annað lagt til grundvallar við úrlausn málsins en að stefnandi hafi aðeins ekið lítillega, ef þá nokkuð, yfir hámarkshraða á vegi í aðdraganda slyssins.

Stefnandi sýndi ekki þá sérstöku varúð sem áskilið er í umferðarlögum að viðhafa skuli við gatnamót. Stefnandi hefur ekki andmælt því enda hefur hann frá upphafi sagt að hann hafi verið annars hugar við aksturinn og viðurkennt að með því hafi hann valdið árekstrinum. Óumdeilt er að í því athugunarleysi fólst gáleysi stefnanda við aksturinn. Þó að með aðgæslu, varúð og fullri athygli megi ætla að stefnandi hefði með nægum fyrirvara til að stöðva bifreiðina getað séð að bifreiðarnar handan gatnamótanna, þar sem hámarkshraði á vegi var 60 km/klst., væru ekki á ferð heldur kyrrstæðar verður ekki fallist á það með stefnda að háttsemi stefnanda hafi, að virtu því sem upplýst er um aðstæður og atvik, falið í sér stórkostlegt gáleysi hans í skilningi skaðabótaréttar og laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar.

Af öllu því sem að framan er rakið er það niðurstaða dómsins að ekki hafi verið sýnt fram á að gáleysi stefnanda í aðdraganda slyssins hafi verið stórkostlegt gáleysi sem er, svo sem fram er komið, lögbundið skilyrði til þess að endurkrefja megi tjónvald. Samkvæmt því skorti lagastoð þá niðurstöðu endurkröfunefndar að heimila endurkröfu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar og eftirfarandi innheimtu stefnda. Af sömu ástæðu var endurkrafa stefnda á grundvelli skilmála kaskótryggingar án viðhlítandi lagastoðar.

Staðfest er í gögnum málsins að stefndi hafnaði beiðni lögmanns stefnanda um að frestað yrði innheimtu endurgreiðslukrafna vegna fyrirhugaðrar málshöfðunar til að hnekkja niðurstöðu endurkröfunefndar. Þann 27. janúar 2022, sama dag og stefnandi greiddi kröfur stefnda í heimabanka, sendi lögmaður stefnanda stefnda yfirlýsingu um að kröfurnar væru greiddar með fyrirvara um lögmati þeirra. Engin efni eru til að fallast á þá málsástæðu stefnda að slíkur fyrirvari sé ógildur eða of seint fram kominn til að stefnandi geti kafið stefnda um endurgreiðslu á fjármunum sem greiddir voru án skyldu og eftir að beiðni um greiðslufrest hafði verið hafnað.

Að öllu framangreindu virtu verður fallist á dómkröfur stefnanda í málinu og verður stefnda gert að endurgreiða honum að fullu kröfurnar sem hann greiddi stefnda 27. janúar 2022. Stefnandi krefst dráttarvaxta frá þingfestingardegi málsins, sem var 31. maí 2022. Stefndi hefur ekki andmælt kröfu um upphafstíma dráttarvaxta sérstaklega og verður því fallist á hana.

Samkvæmt niðurstöðu málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðinn er með hliðsjón af málskostnaðarreikningi lögmanns hans 2.000.000 króna.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda, Brynjólfi Antoni Sandholt, 3.234.363 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. maí 2022 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 2.000.000 króna í málskostnað.

Kristrún Kristinsdóttir